
Breytingar á efnistökusvæðum vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 18. ágúst 2017 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Landsvirkjun um fyrirhugaðar breytingar á efnistökusvæðum vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar, Skeiða- og Gnúpverjahreppi samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Stækkun Búrfellsvirkjunar. Tilkynning um breytingu á framkvæmd. Verkís, 11. ágúst 2017.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Skeiða- og Gnúpverjahreppi með bréfi dags. 29. september 2017.
- Fiskistofu með bréfi dags. 24. ágúst 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 6. september 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 4. september 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 31. ágúst 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 19. ágúst og tölvupósti 22. september 2017.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Um er að ræða breytingu á framkvæmd sem fólst í stækkun Búrfellsvirkjunar um allt að 140 MW og tilkynnt var um árið 2013. Ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 11. júlí 2013, var sú að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að vegna breytinga á útfærslu framkvæmda við stækkun Búrfellsvirkjuarn þurfi að auka efnistöku.

Í námu við Sámsstaðamúla verði efnistaka aukin úr 25.000 m³ í 30.000 m³ og muni efnistökusvæði stækka úr 2,3 ha í 2,7 ha. Við Ísakot verði efnistaka aukin úr 18.500 m³ í 45.000 m³ en umfang efnistökusvæðisins verði minnkað úr 7 ha í 1,7 ha.

Fram kemur að áður fyrirhugað efnistökusvæði á Guðmundareyri verði fært af eyrinni og verði þess í stað við Fauskásalæmi. Efnistaka verði 28.000 m³ í stað 14.000 m³ og flatarmál nýs efnistökusvæðis verði rúmí 2,6 ha. Gerður verði um 800 m vinnuvegur frá námu að línuvegi.

Fram kemur að unnin hafi verið sérstök áætlun um frágang náma og framkvæmdasvæðis auk landslagshönnunar á námasvæðum, efnislosunarsvæðum og umhverfi mannvirkja. Þau svæði sem raskist vegna framkvæmda verði felld að aðliggjandi umhverfi, nýtanlegri gróðurþekju verði haldið



til haga og sett til hliðar til síðari nota við lokafrágang. Trjágróðri verði komið fyrir þar sem við eigi og verði framkvæmdasvæðið svo grætt upp í heild sinni. Þá verði gengið frá þeim vegum sem ekki nýtast að framkvæmd lokinni.

4 UMHVERFISÁHRIF

Jarðmyndanir, landslag og ásýnd

Fram kemur að breytingar á efnistöku séu ekki taldar hafa áhrif á jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd.

Fram kemur að landslagi á framkvæmdasvæði hafi þegar verið raskað vegna fyrri framkvæmda. Breyting á efnistökusvæðum sé ekki talin hafa frekari neikvæð áhrif á landslag svæðisins.

Ákvæðum deiliskipulags um frágang raskaðra svæða verði fylgt auk þess að unnin hafi verið frágangssáætlun vegna efnisnáma. Áhersla verði lögð á landmótun og góðan frágang efnisnáma.

Áhrif á jarðmyndanir vegna breytinga á framkvæmd séu talin bein, staðbundin en í heild óveruleg. Áhrif á landslag séu talin óveruleg.

Lífriki

Fram kemur að gróðurfar á framkvæmdasvæði sé að stórum hluta tilkomið vegna uppgræðslu og skógræktar. Náttúrulegur gróður á svæðinu sé hverfandi og hafi almennt ekki hátt verndargildi hvað varði sérstöðu á svæðis- eða landsvísu. Framkvæmdasvæði verði grætt upp í verklok í samvinnu við landsgræðslu- og skógræktarfélög. Áhrif á gróður vegna breytinga á framkvæmd séu metin staðbundin og óveruleg.

Fram kemur að fuglalíf á framkvæmdasvæðinu hafi verið kannað. Í ljós hafi komið að þeir varpfluglar sem þar væri að finna væru allir algengir á landsvísu. Framkvæmdum fylgi tímabundin röskun á fuglalífi á framkvæmdatíma en áhrif á fuglalíf séu talin óveruleg.

Fram kemur að Þjórsá sé fiskgeng upp að Þjófafossi og í ánni sé að finna bæði sjögöngu- og staðbundna stofna laxfiska. Í Fossá sé að finna bleikju, urriða og lax. Færsla á efnistökusvæði við Guðmundareyri að Fauskásalæmi geri það að verkum að ekki sé lengur gert ráð fyrir að sækja efni yfir Þjórsá/Fossá. Því séu áhrif á vatnalíf nokkuð jákvæð sé miðað við fyrri áform um efnistöku.

Fiskistofa telur að breytt framkvæmd feli í sér minni áhrif á lífríki Þjórsár/Fossár en sú framkvæmd sem áður var ráðgerð.

Menningarminjar

Fram kemur að fornleifaskráning hafi verið unnin fyrir svæðið árið 2015. Þá voru skráðar 11 minjar sem séu allar utan framkvæmdasvæðis.

Minjastofnun Íslands bendir á að fyrirhuguð náma á Fauskásalæmi sé um 150 m frá rústum bæjarins Sandártungu sem séu friðlýstar fornleifar. Náman og vegur að henni séu þó utan verndarsvæðis fornleifanna. Stofnunin telji að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Landnotkun og verndarsvæði

Fram kemur að stangveiði sé stunduð í Fossá og að breytt staðsetning efnistökusvæðis sé jákvæð fyrir stangveiði þar sem ekki þarf að sækja efni yfir kvísl. Áhrif breyttrar framkvæmdar á landnotkun séu metin óveruleg.

Fram kemur að Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Þjórsá séu á náttúruminjaskrá ásamt því að svæðið sé hverfisverndað í aðalskipulagi. Áhrif breyttrar framkvæmdar séu taldar hafa óveruleg áhrif á verndarsvæði.



Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Umhverfisstofnun telja ekki líklegt að breytingar á efnistöku muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Áður en framkvæmdaleyfi verður veitt þarf breyting á deiliskipulagi Búrfellsvirkjunar að hafa tekið gildi. Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Skeiða- og Gnúpverjahrepps samkvæmt 13.-15. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða breytingar á efnistöku vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar. Fyrirhuguð breyting á framkvæmd felur í sér 45.500 m³ aukningu á efnisnámi í tengslum við stækkun Búrfellsvirkjunar. Fyrirhugað er að taka efnið úr þremur námum. Í tveimur tilvikum er um að ræða sömu námur og í upphaflegri framkvæmd en í einu tilviki er um að ræða tilfærslu á efnistökusvæði frá Guðmundareyri og að Fauskásalæmi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda séu sjónræn áhrif á rekstartíma námanna sem og áhrif á jarðmyndanir. Með það í huga að fyrirhuguðu framkvæmdasvæði hafi nú þegar verið raskað og með tilliti til þess að með góðum frágangi að framkvæmdum loknum megi draga úr neikvæðum áhrifum telur Skipulagsstofnun að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd og jarðmyndanir verði óveruleg.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsvirkjunar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna og að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð breyting á efnistökusvæðum vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. nóvember 2017.

Reykjavík, 6. október 2017.

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinsson